# Lög

## Kvenafélagsins í Svínavatnshreppi

1 gr.

Það er tilgangr félagsins, að efla allskonar framför kvenna í Svínavatnshrepp, með skrift, reikningi, þrifnaði, reglusemi í hússtjórn, barna meðferð, allt í ullarvinnu, vefnaði, saumaskap, mjólkur meðferð og matar tilbúningi yfirhöfuð, einnig hagfræðislegrar meðferðar á öllum heimilis föngum. —

2 gr.

Allt kvennfólk, gipt og ógipt sem gengur í félagið, á að taka eitthvað fyrir sig að læra, eptir því sem staða þess frekast tillætur (sbr 1 gr.) til eflingar augnamiði félagsins, en þurfi nokkur tilsögn í lærdómi, annast hún í fyrsta sinni af félagsstjórninni, en sýni hún framvegis hirðuleysi þá verður hún álitin gengin úr félaginu, og missir atkvæðis rétt á félags fundum.

3 gr.

Í stjórnarnefnd félagsins skal fyrst um sinn kjósa 3 konur, 1 Forsæta, aðra fyrir skrifara, og þriðju til vara, og hafa þær starf sitt á hendi árlangt, en eigi lengur, nema þær séu endurkosnar, en engin má skorast undan nefndarkosningu. —

4 gr.

Forsætan kallar nefndina til funda svo opt sem henni virðist nauðsynlegt, til að ræða um framfarir félagsins og semja uppástungur til nýrra framfara er við mætti koma.

5 gr.

Forsætan skal sjá um að lögum félagsins sé hlýtt, sömuleiðis öllum samþykktum, sem gjörðar verða á félagsfundum hún kveður til funda og stýrir þeim og birtir þar allar uppástungur nefndarinnar, og önnur málefni er félaginu við koma, safnar atkvæðum, og segir fyrir hvernig þau skulu gefin, á hverjum aðalfundi skýrir hún frá athöfnum félagsins hið liðna ár.

6 gr.

Forsætan hefur rétt til ef hún vill, að kjósa sér aðstoðarmann, sem verður að vera skinsamur bóndi innan hrepps, en í forföllum hennar, gegnir sú sem er til vara í nefndinni störfum hennar, og hefur hún þá sama rétt sem forsætan.

7 gr.

Sú í stjórnarnefndinni, sem gegnir skrifarastörfum, má kjósa sér aðstoðarmann, með sömu skilyrðum og til er tekið í 6 gr. hún skal halda bréfabók, í hverja hún ritar það sem framfer á fundum, einnig allar framkvæmdir félagsins, hún veitir skjölum félagsins móttöku og geymir þau vandlega, hún semur nafnaskrá yfir allar þær sem í félaginu eru, og ritar hana í gjörðabókina; sömuleiðis skal hún vera forsætu til aðstoðar, eptir því sem henni er mögulegt. —

8 gr.

2 skulu vera fundir félagsins á ári hverju, og skal aðalfundur haldinn milli sumarmála og krossmessu þar sem Forsæta á kveður, en haustfundur eptir veturnætur

þarað auki kvedur hún til auka funda
þegar henni þikir nauðsin bera til
þess.

9 gr.

Þá er fundur lögmætur þegar helm-
ingur allra þeirra sem í fèlaginu eru
sækja fundinn

10.gr.

Á aðalfundi skal auk þess sem áður
er sagt (sbr 5.gr) rædt og áliktað
hvað fèlagið álítur bezt henta með
vinnubrögð kvenna þeim til framfara
og hvað spara megi af útlendum
varningi og munaðarvöru og hvað
nauðsynlegt er að kaupa til heimilis
forða að yfirvega jafngyldi milli
innlendra og útlendrar matvöru með
fl einnig skal þá hver sú sem í fèlag-
inu er koma með á fundinn til
sýningar eitthvað það sem lýst getur
kunnáttu og vandvirkni svo sem
skrift, reikningsdæmi, vaðmál, sjól,
dúka, trefla, vel spunninn þráð, einnig
vel verkað smjör og osta með fl
kýs þá fundurinn 2. kvennmenn til að
segja álit sitt um hvað hvert fyrir sig er
vel af hendi leyst og gefa þeim vitnisburð
fyrir sem kvedinn sje upp í heyranda
hljóði og hins sama getið í gjörðabók
fèlagsins,

11. gr.

Stjórnarnefndinn skal hlutast til
við húsbændur ógiftra kvenna, sem í fèlag
inu eru, og hafa feingið góðann vitnisburð
(sbr 10.gr) og að öðruleiti eru þrifnar og
reglusamar að þær fái hæfileg verðlaun
fyrir verkvendi sýna sem stjórnarnefnd
inn stingur uppá eptir því sem hluturinn
er vel eða ágætlega af hendi leystur —

12 gr.

Á haustfundi skulu konur skýra frá áliti
sýnu hvað hvert heimili þarf mikinn
matarforða til vetursins sem í hönd fer
eptir fólkstölu og skal forstöðunefndinn
að feingnum upplýsingum á hverju
heimili frá hverju konur eru í fèlaginu
um málnitu að vetrinum og aðrar kring
umstæður, ráða til þeirra umbóta er viðeiga
til að forðast bjargarskort, einnig sje þá
rædt um hvernin ullarvinna færi bezt
framm að vetrinum og hvað tiltækilegast
sje að vinna til fatnaðar og sölu, og

sparnaðar á útlendum varningi, og hvað
hver fyrir sig egi að koma með til sýn-
ingar á næsta vorfundi, á þeim fundi
má og vera umræðuefni hvað annað
er til gagns horfir og félaginu er til
eflingar —

13. gr.

Sjerhver sú sem er í félaginu er
skyld að efla heillir þess, svo það mætti
fá sem fljótastann og beztann viðgang

14. gr.

Afl skal atkvæðum ráða en þegar jafn
mörg eru á báðar hliðar ræður atkvæði
forsætu.

15 gr.

Kosnað þann sem leiðir af skrifara
störfum félagsins verður ekki borgaður
en gjörðabók verður félagið að kosta eptir
ráðstöfun stjórnarnefndarinnar

16. gr.

Félagið telur ár sitt frá ~~næstu~~ fardögum
til næstu fardaga. —

17 gr.

Ef einhver vill segja sig úr félaginu verður
hún að gjöra það einum mánuði fyrir
aðalfund. —

18. gr.

Þegar aðalfundur með nægum atkvæða
fjölda álítur nauðsynlegt, að þær sem í
félaginu eru greiði árstillag sem berað
ákveða til að safna sjóði til þess að út-
vega hentugar vinnuvjelar við sauma
skap, ullarvinnu, ostagjörð, ölgjörð með fl.
og veita styrk efnalitlum - námfúsum -
- og skinsömum - stúlkum til að læra að
stýra þeim með því skilyrði: að þær á
eptir þegar náminu er lokið, kendu það
heimfólki 3ja ára tíma innanhrepps
fyrir sanngjarna borgun, uppástungu
þessu viðvíkandi fá ekki gyldi á fundi
nema 3/4 allra atkvæða sje með henni,
eins og breyting á félagslögum um þarf
sama atkvæða fjölda. —

19. gr.

Ef þær sem í félaginu eru vilja breyta
lögum þessum skal bera upp skriflega
uppástungu þar um sem sendist Forsætu
2. mánuðum fyrir aðalfund og verður
það ei að lögum nema með þeim
atkvæðafjölda er til er tekinn í 18 gr.

Lög þessi samþyktu og undirskrif-
udu á fundi að Sólheimum
25ta Novembr 1874.

J. Pálmadóttir, Salóme Þorleifsdóttir,
Jóhanna Steingrímsdóttir,
Helga Jónsdóttir, J. Guðmundsdóttir
Rósa Kristjánsdóttir
Sigurlög Björnsdóttir
Guðrún Sveinsdóttir.